

373. – Stjórnarfundur LEB 22. ágúst 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.
Jónas Sigurðsson varamaður boðaði forföll.

Gestur: Ásgerður Guðmundsdóttir verkefnastjóri Bjarts lífsstíls

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 19. júní, borin upp**
Samþykkt

- 2. Opið málþing um kjaramál eldra fólks**

Búið er að tryggja fyrirlestrarsalinn í Grósku hugmyndahúsi fyrir málþingið kl. 13.00 – 16.00 mánudaginn 2. október nk.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson lektor við félagsráðgjafadeild HÍ hefur tekið að sér að vera ráðgjafi vegna málþingsins

Stjórnin er sammála að sjónum verði einkum beint að þeim lakast settu; lág- og millitekjufólki, ásamt að vekja athygli á ýmsum brotalömum í lögum um almannatryggingar er varðar stærri hóp. Verði þá einkum unnið út frá *Drögum að stefnumörkun LEB í kjaramálum mars 2023* sem lögð voru fyrir landsfund LEB 9. maí sl. og birtust á bls. 23 í síðasta LEB blaði.

Málþingið muni byggjast á stuttum erindum með pallborðum inn á milli.

Boð verði strax sent á framkvæmdastjóra þingflokka ásamt formönnum og varaformönnum þingflokka þar sem þeir eru hvattir til að tryggja þátttöku sinna þingmanna, einkum nefndarmönnum í velferðarnefnd og fjárlaganefnd. Þá verði formenn stjórnmalaflokka einnig hvattir til að mæta, enda fer þingið fram á fyrsta degi kjördæmavikunnar í haust.

Málþinginu verður streymt.

Samþykkt að halda ekki formannafund samdægurs, heldur nokkru áður og þá sem fjarfund, þar sem málþingið verður kynnt og fólk hvatt til að mæta og/eða formenn

hvetji félagsmenn til að fylgjast með streymi í sínum félagsmiðstöðvum. Síðan verði haldinn formannafundur þar sem staðan er gerð upp og lagt á ráðin um framhaldið.


3. Önnur mál

Félagið á Ísafirði hefur ákveðið að halda sérstakan fund um kjaramál þann 28. September nk. og mun Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB verða gestur fundarins.

Lýstu stjórnarmenn ánægju sinni með framtakið og væntu þess að slíkir fundir yrðu haldnir a.m.k. í öðrum landsfjórðungum.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 10.48. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Samþykkt á stjórnarfundum LEB, föstudag 29. september 2023



Helgi Pétursson formaður LEB